

## Æskulýðsnefnd 2012 – 2014



### Þáttakendur á FEIF Youth Cup 2014

Nefndin hélt fundi eftir þörfum á tímabilinu. Þeir sem skipa nú nefndina eru Helga Björg Helgadóttir úr Fáki formaður, Andrea Þorvaldsdóttir úr Létti, Sóley Margeirs dóttir úr Mána, Stefán Ármannsson úr Dreyra og Thelma Víglundsdóttir úr Sörla. Þau tvö síðastnefndu komu í nefndina 2012. Verkefni nefndarinnar voru fá en stór og stærsta verkefnið var að halda FEIF YOUTH CUP hér á Íslandi í sumar.

### FEIF Youth Cup á Íslandi

Fyrir tveimur árum var ákveðið að halda FEIF Youth Cup á Íslandi. Undirbúningur hófst strax, að ýmsu var að huga, staðsetningu, starfsfólk, þjálfurum, dómurum sem allir þurftu að vera með alþjóðleg réttindi og helst tveir af þeim að koma erlendis frá. Stærsta verkefnið var þó að útvega erlendu þáttakendum keppnishessta, en alls komu 67 krakkar erlendis frá. Við biðluðum til hesteigenda sem brugðust vel við og tókst mótið með miklum ágætum. Einna mest munaði þó um þá tæplega 30 skólahesta Hólaskóla sem við fengum aðgang að, kom sér mjög vel, að mótið var haldið á Hólum. Mikil ánægja var meðal keppenda með hestakostinn sem kvaddur var með tárum í mótslok og einhverjur hestar skiptu um eigendur í kjölfarið. Hesteigendum færum við okkar allra bestu þakkir fyrir alla aðstoðina og velviljann.

Hólar eru einstaklega góður staður til að halda móti þessum toga, góðir hestar, ein bestu hesthús á landinu með öllum þægindum, góðir gistimöguleikar og ekki spillir fögur náttúran allt um kring. Sáum við í hendi okkar að vel má hugsa sér að skipuleggja þjálfunarþúðir af minna tagi fyrir alla aldurshópa á þessum sögufræga stað. Þáttakendur á mótinu voru 78 frá 15 aðildarlöndum FEIF á aldrinum 14 – 17 ára. Mikill áhugi var á því að koma til Íslands að

þjálfa og keppa á hestum fæddum og uppöldum hér á landi og til marks um það er gaman að segja frá því að einn keppandi kom alla leið frá Slóveníu og einnig sendi Luxemburg fullskipað lið sem hefur ekki gerst lengi. Það voru 11 ungligar sem kepptu fyrir Íslands hönd; Annabella Sigurðardóttir úr Sörla, Agnar Ingi Rúnarsson úr Snæfaxa, Ásdís Brynja Jónsdóttir úr Neista, Guðmar Freyr Jónsson úr Léttfeta, Ólafur Goran Gros úr Létti, Ásta Margrét Jónsóttir og Ylfa Guðrún Svafarsdóttir úr Fáki, Viktoría Eik Elvarsdóttir og Ásdís Ósk Elvarsdóttir úr Stíganda, Sigríður Magnea Kjartansdóttir úr Loga og Vilborg Hrund Jónsdóttir úr Trausta. Liðunum fylgdu fararstjórar og liðsstjórar, þjálfarar, dómarar, nefndarfólk og hjálparhellur svo alls taldi hópurinn 120-130 manns. Í upphafi er þátttakendum skipt í 13 lið sem halda svo hópinn allan tímann undir stjórn liðstjóra. Það er mjög táknað í setningarathöfninni þegar þau ganga inná völlinn að þau koma inn með sínum löndum, skiptast svo í alþjóðleg lið þar sem engir tveir eru frá sama landi, þjálfa og vinna með liðinu sínu alla vikunna og í lokaathöfninni koma þau inná völlinn sem lið en fara svo út sem land.

Hópurinn var undir handleiðslu fimm frábærra kennara í 3 daga, en þau voru Anna Valdimarsdóttir, Elvar Einarsson, Hulda Gústafsdóttir, Súsanna Sand Ólafsdóttir og Þorsteinn Björnsson. Sérstakar keppnisreglur eru fyrir FEI YOUTH CUP í FIPO og fengu krakkarnir þjálfun í þeim öllum. Eftir þjálfunarhlutann var frídagur og fór þá hópurinn í skoðunarferð um Skagafjörðinn. Þau nutu gestrisni húsbænda á Varmalæk og í Hofi þar sem þau fengu að sjá gæðinga í hesthúsum og í reið. Þau kíktu við sögustaðnum Glaumbæ og enduðu í sundi í nýju sundlauginni á Hofsósi. Um kvöldið voru Mette Manseth og Þórarinn Eymundsson með sýnikennslu fyrir hópinn.

Síðustu þrjá dagana fer keppnin fram en þá keppa krakkarnir fyrir sitt alþjóðlega lið og einnig sem einstaklingar, þá eru gestir velkomnir á mótað og lokaúrslit fara fram á laugardegi sem er síðasti dagur mótsins. Nánar má sjá úrslit á mótinu á heimasíðu FEI.

### **Fulltrúar æskunnar á FEI ráðstefnu.**

Í febrúar var haldin árleg ráðstefna FEI hér á landi og hafði æskulýðsnefndin tækifæri á að sitja fundi æskulýðsnefndar á ráðstefnunni. Það var afar lærdómsríkt og ánægjulegt að finna hinn mikla áhuga á Íslandi, hestinum og öllu því sem íslenskt er. Við eיגum fulltrúa í æskulýðsnefnd FEI og er afar mikilvægt að halda góðum tengslum við Íslandshestaheiminn, læra af öðrum og deila því sem vel er gert hér á landi.



Á Youth Camp 2013; Andrea, Helga, Guðbjörg Halldórsdóttir, Ingi Björn Leifsson, Arnór Hugi Sigurðsson, Kolbrún Lind Malmquist og Viktoría Gunnarsdóttir.

### Youth Camp í Noregi 2013

Í júlí á síðasta ári var farið með fimm unglinga á FEIF Youth Camp í Noregi. Mótið var haldið á Stall Kjersem sem er rétt við Álasund á vesturströnd Noregs, en þar eru skipulagðar hestaferðir á íslenskum hestum í næsta nágrenni. Eigandi staðarins og Íslandsvinurinn Björn Kjersem býður alla íslendinga velkomna í heimsókn, hann hefur mikla tengingu við landið og talar mjög góða íslensku. Nánar er hægt að sjá meira um staðinn á: [www.stallkjersem.no](http://www.stallkjersem.no). Gist var í bjálkahúsum með takmörkuðu rafmagni, ekkert símasamband var á staðnum sem krökkunum fannst frekar erfitt í fyrstu en bara gott þegar á leið. Umhverfið sem við vorum í er einstaklega fallegt og krakkarnir nutu þessa að fara í göngutúra, reiðtúra, sulla í læknum, fara í viðarkynntan heitan pott og njóta leiðsagnar Björns Kjersem og fóstursonar hans Stian Petersen sem er margfaldur heimsmeistari á íslenskum hestum. Á þessari viku sem mótið stóð kynntust krakkarnir þjálfun sem kölluð er „græn“ þjálfun, bandvanur hestur gerður reiðfær á viku án þess að nokkur tíma sé hart lagt að hestinum. Stian bauð hópnum heim og sýndi Glóbus frá Jakobsgarden sem búinn var að tryggja sér þáttökurétt á HM í Berlin. Þær sorgarfréttir bárust svo nú fyrir stuttu að Glóbus hefði fengið sýkingu og hefði dreipist. Krakkarnir fengu einnig leiðsögn hjá Stian fyrir keppni sem Íslandshestafélagið í Tresfjord stóð fyrir í vikulokin. Að auki sáu þau bíómyndir sem Björn og vinur hans Stein P. Aasheim, frægur ævintýramáður, höfðu gert saman. Þær fjölluðu um ferð sem farin var á íslenskum hestum yfir til Svíþjóðar að kaupa kaffi, hestakaupleiðangur til Mongolíu og einnig sagði Stein frá ferðum sínum víða um heim en hann hefur m.a. farið á Suðurpólinn, þvert yfir Grænlandsjökull, búið á Svalbarða í eitt ár með fjölskyldu sinni, klifið Kilimanjaro og hjólað yfir Saharaeyðimörkina svo eitthvað sé upp talið.

### Æskulýðsbikar LH

Árlega er Æskulýðsbikar LH afhentur því hestamannafélagi sem skara hefur þótt framúr í æskulýðsmálum. Valið byggir á ársskýrslum félagana sem þau senda til æskulýðsnefndar sem hefur það verkefni að velja bestu skýrsluna. Það er afar fróðleg og skemmtileg lesning að lesa þessar skýrslur og gaman að sjá hversu öflug sum félögini eru í starfi æskunnar. Það er ekki á neinn hallað þegar sagt er að þetta starf er eitt það þýðingarmesta í félögnum því

við höfum séð það í gegnum árin að öflugt aeskulýðsstarf skilar sér í öflugari hestamönnum hvort heldur sem er keppnisfólk eða þeim sem ríða út sér til ánægju.

Skýrslur liðinna ára er að finna á heimasíou LH undir aeskulýðsmál. Þar má sjá það fjölbreytta starf sem á sér stað í félögunum á liðnum árum.

Hér má sjá hvaða félög hafa hlotið þennan eftirsóttu bikar.

1996	Léttir	2006	Léttir
1997	Gustur	2007	Máni
1998	Sörlí	2008	Pytur
1999	Hörður	2009	Dreyri
2000	Freyfaxi	2010	Logi
2001	Máni	2011	Hörður
2002	Smári	2012	Sleipnir
2003	Fákur	2013	Sindri
2004	Blær	2014	
2005	Andvari		

## Framundan

Til stóð á næsta ári að halda Aeskulýðsmót á Skógarhólum síðustu helgina í júní en hætt hefur verið við þá helgi þar sem dagsetningin skarast á við FEIF Youth Camp sem haldið verður í Þýskalandi dagana 28. júní – 5. Júlí. Mótið verður haldið í Berlar og má sjá nánar um staðinn hér: [www.reitschule-berger.de](http://www.reitschule-berger.de) Aeskulýðsnefndin mun auglýsa eftir umsóknum í febrúar/mars á næsta ári.

Undanfarið hefur mikið verið ritað og rætt um nýliðunarmál innan hestamennskunnar og hvernig megi helst bregðast við því. Einn liður í þeirri umræðu var að kanna hvað veldur því að þau börn sem stunda reiðskóla um allt land á sumrin skili sér ekki inní hestamennskuna. Talið er að reiðskólabörn á landinu skipti hundruðum. Ef við gætum fengið vitneskju um það hvað stendur helst í vegi fyrir því að þau skili sér inn, gætum við brugðist við með einhverjum hætti. Við fengum Viðar Halldórsson félagsfræðing sem starfað hefur víða með íþróttafélögum til að setja saman netkönum og hugðumst fá reiðskólana til samstarfs, að deilda könnuninni á netföng foreldrana en því miður fengum við ekki jákvæðar undirtektir og verkefnið því stopp. Könnuninni yrði að sjálfsögðu nafnlaus og netföngin kæmu hvergi fram. Við höfum þó ekki lagt árar í bát og munum reyna að athuga hvort ekki er flötur á slíku samstarfi. Ef þú lesandi góður getur aðstoðað okkur í því koma þessu verkefni aftur af stað þá þiggjum við alla aðstoð. Það er mjög áríðandi að geta kortlagt hvar vandinn við nýliðun liggur og verðum við að ganga í takt í þeim verkefnum.

Við erum einnig alltaf opin fyrir öllum þeim verkefnum sem styrkja og styðja aeskulýðsmálefni og hvetjum alla sem óska eftir samvinnu eða hafa verkefni fyrir okkur að hafa samband og minnum einnig aeskulýðsfulltrúa að hika ekki við að hafa samband ef við getum verið þeim innan handar í starfinu.

f.h. Aeskulýðsnefndar LH  
Helga B. Helgadóttir formaður